Fimmtudaginn 26. mars 1998.

Nr. 504/1997. **Ákæruvaldið**
(Sigríður Jósefsdóttir saksóknari)
gegn
Þresti Róbert Kristinssyni
(Gunnar Jónsson hrl.)

Tolllagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Ríkissaksóknari skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 27. nóvember 1997. Ákæruvaldið krefst þess, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum gerð refsing.

Ákærði krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð fram ýmis ný gögn, þeirra á meðal ljósrit af símbréfi 19. nóvember 1996 frá Ville Marie Suzuki Automobiles Inc. í Kanada, úrskurður ríkistollanefndar 2. desember 1997 og íslensk þýðing á skýringum tollverðsnefndar Alþjóðatollstofnunarinnar í Brussel á nokkrum greinum tollverðssamnings Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO, áður GATT), er varða annars vegar umboðslaun og miðlaralaun og hins vegar kaupumboðslaun.

I.

Ákærði er framkvæmdastjóri og í stjórn Bílastúdíós ehf. Hann framvísaði fyrir hönd félagsins í ágúst og nóvember 1996 aðflutningsskýrslum, vörureikningum og fleiri skjölum vegna innflutnings alls fjögurra bifreiða af gerðinni Suzuki Sidekick Sport. Tekur I. kafli ákæru til þriggja af bifreiðum þessum, sem ákærði flutti inn frá Ville Marie Suzuki Automobiles Inc., Montreal í Kanada, og óskaði tollafgreiðslu á í nóvember 1996, en II. kafli ákæru tekur til fjórðu bifreiðarinnar, sem ákærði flutti til landsins frá fyrirtækinu Checkered Flag, Virginia Beach í Bandaríkjunum, og hugðist fá tollafgreidda í ágúst sama ár. Tollstjórinn í Reykjavík synjaði ákærða um tollafgreiðslu, vegna þess að tilgreint verð bifreiðanna

virtist talsvert lægra en eðlilegt gat talist. Óskaði tollstjóraembættið eftir frekari gögnum um verðmæti bifreiðanna, meðal annars í bréfum 6. ágúst og 18. desember 1996. Ákærði afhenti hjá tollstjóraembættinu fjóra aðra reikninga, þrjá 23. desember 1996 vegna bifreiða í I. kafla ákæru og einn 30. janúar 1997 vegna bifreiðar í II. kafla ákæru.

Í héraðsdómi er greint frá því, að tollstjórinn hafi 10. janúar 1997 óskað opinberrar rannsóknar vegna innflutnings bifreiða, sem getur í I. kafla ákæru, og 4. febrúar 1997 vegna bifreiðar, sem II. kafli ákæru á við. Ákærði krafðist þess margsinnis í bréfum til tollstjórans í Reykjavík, að allar bifreiðirnar yrðu afgreiddar án frekari dráttar. Þær voru þó ekki tollafgreiddar fyrr en 26. og 27. júní 1997 með greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt ákvörðun tollstjóra.

Í málinu liggja fyrir þrjú bréf 10. júní 1997, þar sem skrifstofa tollstjórans í Reykjavík tilkynnti Bílastúdíói ehf., að aðflutningsgjöld af bifreiðum þeim, sem I. kafli ákæru tekur til, yrðu áætluð samkvæmt heimild í 98. gr. tollalaga nr. 55/1987 og að tollverð hverrar þeirrar væri ákveðið 1.183.305 krónur í samræmi við 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun. Kærði Bílastúdíó ehf. ákvarðanir þessar 18. júní 1997, en tollstjórinn í Reykjavík staðfesti þær með úrskurði 17. júlí 1997. Bifreið sú, sem II. kafli ákæru tekur til, var tollafgreidd 27. júní 1997, og var ákvörðun tollstjóra um hana ekki kærð.

Hinn 16. september 1997 kærði Bílastúdíó ehf. úrskurð tollstjóra 17. júlí 1997 til ríkistollanefndar. Afgreiddi nefndin kæruna, eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, með úrskurði 2. desember 1997. Féllst ríkistollanefnd ekki á þá niðurstöðu tollstjóra, að ákveða ætti tollverð bifreiðanna eftir 20. og 21. gr. reglugerðar nr. 374/1995, heldur hefði átt að leggja til grundvallar samanlagða fjárhæð vörureikninga, sem ákærði framvísaði í upphafi, og viðbótarreikninga, sem hann afhenti 23. desember 1996.

II.

Í aðflutningsskýrslum, sem ákærði lagði inn hjá tollstjóra í nóvember 1996 vegna bifreiðanna, er greinir í I. kafla ákæru, er verð einnar þeirra fob Halifax talið vera 16.610 kanadískir dalir, en verð hvorrar hinna tveggja 18.080 kanadískir dalir. Koma þessar

fjárhæðir einnig fram á vörureikningum, dagsettum 23. og 24. september 1996, frá hinum kanadíska seljanda bifreiðanna, en ákærði afhenti þá reikninga um leið og aðflutningsskýrslurnar.

Deildarstjóri á skrifstofu tollstjórans í Reykjavík skýrði svo frá fyrir dómi, að samkvæmt upplýsingum, sem fengnar voru í símtali annars starfsmanns við skrifstofu seljandans í Kanada, hefðu að ósk ákærða verið gefnir út tveir reikningar vegna hverrar bifreiðar, þannig, að reikningar, sem ákærði hafði lagt fyrir tollstjóra, sýndu ekki rétt verð bifreiðanna. Í framhaldi eftirgrennslana tollstjóra afhenti ákærði, svo sem áður segir, fjóra reikninga, þrjá 23. desember 1996 og einn 30. janúar 1997. Þrír hinir fyrrnefndu eru dagsettir 23. september 1996 og út gefnir af seljanda bifreiða þeirra, sem greinir í I. kafla ákæru, samtals að fjárhæð 17.190 kanadískir dalir. Reikningar þessir bera ekki greinilega með sér, fyrir hvaða vöru eða þjónustu þeir eru. Í þeim kemur aðeins fram, að þeir séu fyrir „miscellaneous" eða ýmislegt.

Ákærði hefur frá öndverðu haldið því fram, að reikningarnir frá 23. september 1996 væru vegna greiðslu á svonefndum kaupumboðslaunum, sem ekki beri að telja til tollverðs, sbr. 1. tölul. a-liðar 1. mgr. 9. gr. tollalaga nr. 55/1987, en samkvæmt því ákvæði skal meðal annars reikna aðflutningsgjöld af „umboðslaunum og miðlaraþóknun, þó ekki kaupumboðslaunum". Ákærði kveður seljandann í Kanada hafa tekið að sér að kaupa bifreiðir fyrir Bílastúdíó ehf., ýmist af framleiðanda eða á uppboðum, en ekki afgreitt þær af eigin vörubirgðum. Fyrir þessa þjónustu hafi Bílastúdíó ehf. greitt kanadíska seljandanum þóknun, sem ákærði telur vera kaupumboðslaun í skilningi nefnds lagaákvæðis. Þessi kostnaður sé til dæmis ferðakostnaður og símkostnaður, og verði hann ekki sundurgreindur á einstakar bifreiðir, þar sem iðulega hafi fleiri en ein bifreið verið keypt eða þá að kostnaður hafi fallið til, án þess að af viðskiptum yrði. Með þessu fyrirkomulagi hafi Bílastúdíó ehf. sparað sér verulegan kostnað, svo sem af ferðalögum til Kanada til þess að kaupa inn bifreiðir.

III.

Í fyrrnefndum úrskurði taldi ríkistollanefnd rétt að tollafgreiða bifreiðirnar þrjár eftir 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995. Í úrskurðinum

segir, að ágreiningur í máli Bílastúdíós ehf. og tollstjóra snúist um skilgreiningu á svokölluðum kaupumboðslaunum, sbr. undanþáguákvæði 1. tölul. a-liðar 1. mgr. 9. gr. tollalaga. Hugtakið kaupumboðslaun sé ekki skilgreint í tollalögum, greinargerð með frumvarpi til laganna eða reglugerðum. Leitast sé við að skilgreina hugtakið í skýringum tollverðsnefndar Alþjóðatollstofnunarinnar í Brussel, sem starfi eftir tollverðssamningi GATT 1994. Einnig segir í úrskurði ríkistollanefndar, að við skoðun á reglum tollverðssamningsins geti skil milli umboðslauna, miðlaraþóknunar og kaupumboðslauna oft verið óljós. Hitt sé þó ljóst, að sönnunarbyrði fyrir, að um sé að ræða kaupumboðslaun, hvíli alveg á innflytjanda vöru, enda sé ákvæðið um, að kaupumboðslaun teljist ekki til tollverðs, undantekningarregla. Þá segir, að seljandi bifreiðanna sé sérstakur söluumboðsmaður fyrir Suzuki-bifreiðir í Kanada. Enn fremur séu ætluð kaupumboðslaun mjög há, allt að 27% af heildarverði hverrar bifreiðar. Hafi Bílastúdíó ehf. ekki treyst sér til að ganga lengra í fullyrðingum sínum um viðbótarreikningana frá 23. september 1996 en segja þá einkum fela í sér kaupumboðslaun. Þessi atriði geri að mati nefndarinnar auknar kröfur til innflytjandans um að sýna með skriflegum gögnum og sundurliðað, hvaða kostnaðarþættir teljist vera kaupumboðslaun og hvers eðlis nákvæmlega þeir séu.

Samkvæmt þessu taldi ríkistollanefnd, að Bílastúdíó ehf. hefði ekki sýnt fram á með neinum gögnum, að viðbótarreikningarnir 23. september 1996 fælu í sér kaupumboðslaun í skilningi 1. tölul. a-liðar 1. mgr. 9. gr. tollalaga, enda benti ekkert til slíks á reikningunum sjálfum. Var niðurstaða nefndarinnar því sú, að við útreikning tollverðs á bifreiðunum þremur, sbr. I. kafla ákæru, skuli telja kostnað, sem fram kemur á þremur reikningum 23. september 1996 til Bílastúdíós ehf., samtals að fjárhæð 17.190 kanadískir dalir, til viðskiptaverðs og bæta þeim við reikninga, sem félagið lagði fram í nóvember 1996.

IV.

Ákæruvald lagði fram hjá tollstjóra í ágúst 1996 aðflutningsskýrslu vegna bifreiðar þeirrar, sem hann flutti til Íslands frá Bandaríkjunum og greinir í II. kafla ákæru. Samkvæmt skýrslunni og meðfylgjandi vörureikningi 17. apríl 1996 var fob-verð hennar 11.225 banda-

rískir dalir. Áður er sagt frá því, að tollstjóri krafði ákærða um frekari gögn og að ákærði afhenti loks 30. janúar 1997 annan vörureikning frá seljanda bifreiðarinnar. Er reikningur þessi að fjárhæð 3.600 bandarískir dalir fyrir „miscellaneous fees". Hann er ritaður á nákvæmlega sams konar eyðublað og vörureikningurinn 17. apríl 1996 og vísar til hans.

Skýrir ákærði tilvist reikningsins fyrir 3.600 bandarískum dölum á sama hátt og viðbótarreikninga, er hann framvísaði vegna bifreiðanna, sem hann fékk frá Kanada. Svo sem fyrr greinir, var bifreiðin frá Bandaríkjunum tollafgreidd 27. júní 1997, og skaut Bílastúdíó ehf. ákvörðunum tollstjórans í Reykjavík vegna innflutnings þeirrar bifreiðar ekki til æðra stjórnvalds.

V.

Ákærða er í I. og II. kafla ákæru gefið að sök að hafa beiðst fyrir hönd Bílastúdíós ehf. tollafgreiðslu alls fjögurra bifreiða á grundvelli rangra aðflutningsskýrslna og meðfylgjandi rangra vörureikninga, en jafnframt með því að leggja ekki fram tilskilin gögn eftir tollalögum.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi framvísað réttum aðflutningsskýrslum og réttum vörureikningum hjá tollstjóraembættinu í ágúst og nóvember 1996, og hafi borið að ákveða aðflutningsgjöld á grundvelli verðs, sem fram kom í skjölum þessum. Ákærði staðhæfir einnig, að hinir umdeildu viðbótarreikningar sýni kaupumboðslaun í merkingu 9. gr. tollalaga.

Tollstjórinn í Reykjavík taldi hins vegar, að vörureikningar, sem fram komu, eftir að embætti hans hafði hafnað að tollafgreiða bifreiðirnar, sýndu, að raunverulegt kaupverð þeirra hefði verið mun meira en áður var upplýst um. Féllst ríkistollanefnd á þann skilning í fyrrnefndum úrskurði 2. desember 1997 um bifreiðir, er greinir í I. kafla ákæru.

Til skýringar hinum umdeildu viðbótarreikningum lagði ákærði fyrir tollstjóra tvö skjöl frá kanadíska seljandanum Ville Marie Suzuki Automobiles Inc. Í símbréfi hans til ákærða 19. nóvember 1996 segir meðal annars, að erlenda félagið hafi keypt nokkrar bifreiðir frá bifreiðasölum við mjög góðu verði. Símbréfið má skilja

svo, að erlenda félagið sé að bjóða til sölu bifreiðir, sem það hafi þegar keypt. Í yfirlýsingu erlenda félagsins 9. desember 1996 kemur fram, að „miscellaneous fees“ séu kaupumboðslaun vegna allra bifreiða, sem það kaupi og selji síðan Bílastúdíói ehf. Um þessi atriði er einnig fjallað í símbréfi frá erlenda félaginu 20. júní 1997. Þar segir, að það komi fram sem umboðsmaður Bílastúdíós ehf. við kaup hjá bifreiðasölum og á uppboðum. Fyrir komi, að ekki sé unnt að sinna óskum Bílastúdíós ehf., og beri það félag kostnað, sem erlenda félagið hafi af því að leita viðskipta, þótt ekkert verði úr kaupum, t. d. ferða- og símakostnað.

Ekki liggja fyrir nein gögn frá hinum bandarísku seljanda bifreiðar, sem II. kafli ákæru varðar, til skýringar áðurnefndum reikningi hans, að fjárhæð 3.600 bandarískir dalir.

Fyrstnefndir reikningar vegna ætlaðra kaupumboðslauna eru tortryggilegir svo og fram komnar skýringar á þeim. Allt að einu verður ekki litið fram hjá því, að af hálfu ákæruvalds hefur ekki verið aflað viðhlítandi gagna um afstöðu erlendra seljenda bifreiða, sem um ræðir í málinu, til staðhæfinga ákærða, svo og frekari skýringa þeirra á viðskiptunum. Ekki hefur heldur verið leitað eftir því af hálfu ákæruvalds, hvort frásögn þeirra, sem hugðust kaupa bifreiðirnar hér á landi af Bílastúdíói ehf., gæti samrýmst lýsingu ákærða á því, hvernig félagið stóð að viðskiptum við erlendu seljendurna. Að þessu gættu er ekki nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök. Verður héraðsdómur því staðfestur.

Eftir þessum úrslitum verður allur áfrýjunarkostnaður málsins lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns, 100.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. október 1997.

Ár 1997, föstudag 31. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-394/1997: Ákæruvaldið gegn Þresti Róbert Kristinssyni, en málið var dómtekið 10. október sl.

Málið er höfðað með ákæruskjali, dagsettu 20. maí 1997, á hendur „Þresti Róbert Kristinssyni, Burknabergi 10, Hafnarfirði, fæddum 22. júlí 1963, fæðingarnúmer 388, fyrir tolllagabrot, sem ákærði er talinn hafa gerst sekur um með eftirgreindri háttsemi:

I.

Með því að hafa í nóvember 1996 sem fyrirsvarsmaður einkahlutafélags síns, Bílastúdíós, kt. 470296-2409, Faxafeni 14, Reykjavík, beiðst fyrir hönd félagsins tollafgreiðslu þriggja nýrra bifreiða af tegundinni Suzuki Sidekick, árgerð 1997, á grundvelli rangra aðflutningsskýrslna til embættis tollstjórans í Reykjavík og meðfylgjandi rangra vörureikninga frá seljanda bifreiðanna, Ville Marie Suzuki Automobiles Inc., Montreal í Kanada, sbr. eftirgreinda lýsingu í stafliðum a til c, en þá jafnframt með því að leggja ekki fram tilskilin gögn skv. tollalögum, allt í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu verulegs hluta lögskyldra aðflutningsgjalda:

a) Með aðflutningsskýrslu, dagsettri og inn lagðri 11. nóvember 1996, og vörureikningi, dagsettum 23. september 1996, þar sem kaupverð bifreiðar með skráningarnúmer PV-440 var tilgreint CAD 16.610.

b) Með aðflutningsskýrslu, dagsettri 12. nóvember 1996 og inn lagðri 13. sama mánaðar, ásamt vörureikningi, dagsettum 24. september 1996, þar sem kaupverð bifreiðar með skráningarnúmer PR-630 var tilgreint CAD 18.080.

c) Með aðflutningsskýrslu til embættis tollstjórans í Reykjavík, dagsettri 12. nóvember 1996 og inn lagðri 13. sama mánaðar, ásamt vörureikningi, dagsettum 24. september 1996, þar sem kaupverð bifreiðar með skráningarnúmer PL-806 var tilgreint CAD 18.080.

II.

Með því að hafa sem fyrirsvarsmaður einkahlutafélags síns, Bílastúdíós, kt. 470296-2409, Faxafeni 14, Reykjavík, beiðst fyrir hönd félagsins tollafgreiðslu einnar nýrrar bifreiðar af tegundinni Suzuki Sidekick, árgerð 1997, með skráningarnúmerið DH-415, á grundvelli rangrar aðflutningsskýrslu til embættis tollstjórans í Reykjavík og meðfylgjandi rangs vörureiknings frá

seljanda bifreiðarinnar, Checkered Flag, Virginia Beach, Bandaríkjum Norður-Ameríku, en þá jafnframt með því að leggja ekki fram tilskilin gögn skv. tollalögum, allt í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu verulegs hluta lögskyldra aðflutningsgjalda.

Tollafgreiðslu þessarar beiddist ákærði með aðflutningsskýrslu, dagsettri 1. ágúst 1996, sem lögð var inn hjá embættinu 8. sama mánaðar, en með henni fylgdi vörureikningur seljanda nr. 16693/A, dagsettur 17. apríl 1996, að fjárhæð USD 11.225.

Framanlýst háttsemi ákærða skv. köflum I og II í ákæruskjali þessu hafði í för með sér, að álagning aðflutningsgjalda á grundvelli veittra upplýsinga og gagna til embættis tollstjórans í Reykjavík hefði orðið mun lægri en vera átti, þar sem vörureikningar sýndu óraunhæft viðskiptaverð bifreiðanna, en samkvæmt mati embættis ríkistollstjóra verður sá mismunur talinn vera í tilviki I,a) 210.480 kr., í tilviki I,b) 154.619 kr., í tilviki I,c) 154.619 kr. og í tilviki II) 250.255 kr., samtals 769.973 kr.

Telst háttsemi ákærða varða við 1. og 2. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. a-lið 38. gr. laga nr. 69/1996, en til vara, að því er refsiviðurlög varðar, við 125. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, jafnframt, að Bílastúdíó ehf., kt. 470296-2409, Faxafeni 14, Reykjavík, verði dæmt in solidum með ákærða til greiðslu sektar skv. heimild í 6. mgr. 126. gr. tollalaga nr. 55/1987, sbr. c-lið 38. gr. laga nr. 69/1996."

Verjandi ákærða krefst sýknu af öllum kröfum ákæruvalds og réttargæslu- og málsvarnarlauna að mati réttarins.

Með bréfi, dags. 10. janúar 1997, lagði tollstjórinn í Reykjavík fram kæru á hendur ákærða í máli þessu vegna innflutnings þriggja bifreiða fyrir hönd Bílastúdíós ehf. og óskaði eftir rannsókn á viðskiptum innflytjandans, eins og segir í kæru. Þessar þrjár bifreiðar eru þær, sem í I. kafla ákæru greinir. Þá segir í kæru, að við athugun hafi komið í ljós, að verðmæti bifreiðanna hafi verið talsvert lægra en eðlilegt gat talist, þar sem um nýjar bifreiðar hafi verið að ræða. Bílastúdíó hafi þá verið tilkynnt, að fullnægjandi gögn yrði að leggja fram til að staðfesta upp gefið verðmæti bifreiðanna ásamt skriflegum skýringum á hinu lága verði. Þá segir í kærubréfinu, að tilraunir tollstjóraembættisins til að fá frekari gögn hafi ekki borið árangur, fyrr en haft hafi verið samband við hinn erlenda seljanda bifreiðanna, sbr. ákærulið I, og hjá honum fengnar upplýsingar um, að til væru aðrir kostnaðarreikningar. Þessir reikningar hafi verið lagðir fram 23. desember sl. án skýringa og tollstjóraembættið talið þá ófullnægjandi, en verjandi ákærða í máli þessu talið reikningana vera fyrir kaupumboðslaun, sem undanþegin séu tollgreiðslu hér á landi, sbr. 9. gr., a-lið, tollalaga nr. 55/1987.

Gögn málsins bera með sér, að eftir þetta urðu miklar bréfaskriftir milli verjanda ákærða og tollyfirvalda, þar sem einkum var fjallað um það, hvort ákærða hafi borið að framvísa reikningunum, sem sagðir voru vegna kaupumboðslauna, og þá, hvort greiðslan væri kaupumboðslaun, sem mynduðu ekki gjaldstofn til útreiknings gjalda hjá tollstjóraembættinu. Ekki þykir ástæða til að rekja þessar bréfaskriftir hér.

4. febrúar 1997 sendi tollstjóri RLR kærubréf vegna innflutnings bifreiðarinnar, sem ákært er út af í II. kafla ákæru. Þar voru tilgreindar sviparðar ástæður til kærunnar og í fyrra kærubréfi, sem rakið var, og sagt, að við athugun á verðmæti bifreiðarinnar hefði komið í ljós, að það hefði verið talsvert lægra en eðlilegt gat talist, þar sem um nýja bifreið hefði verið að ræða. Tilraunir tollstjóra til að fá frekari gögn hafi borið takmarkaðan árangur og innflytjanda verið tilkynnt með bréfi, dags. 13. janúar sl., að bifreiðin hafi verið virt til tolls á grundvelli 21. gr. reglugerðar nr. 274/1995. Eftir þetta, 30. janúar sl., hafi innflytjandinn sent tollstjóra viðbótarreikning yfir ýmsan kostnað.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi.

I. og II.

Ákærði kom fyrir dóminn 30. maí og 10. október sl. Hann neitar sök.

Ákærði kvaðst fyrirsvarsmaður einkahlutafélagsins Bílastúdíós, eins og í ákæru greinir, og kvað dagsetningar og fjárhæðir, sem lýst er í báðum köflum ákæru, réttar, en vísaði því á bug að hafa brotið lög og komist hjá að greiða 769.973 kr., eins og ákært er út af.

Ákærði bar, að hann hefði framvísað réttum aðflutningsskýrslum og réttum vörureikningum, en ekki röngum, eins og í ákæru greinir. Hann bar að hafa framvísað þeim gögnum, sem sér hafi borið vegna bílakaupanna, en reikningar, sem sýni kaupumboðslaun, myndi ekki stofn til útreiknings tollverðs, og því hafi sér ekki borið skylda til að leggja gögn um kaupumboðslaunin fram. Engu að síður hafi hann lagt þau gögn fram, eftir að þess var krafist af tollyfirvöldum. Um ástæðu þess, að ákærði lagði reikningana um kaupumboðslaunin ekki fram strax, bar hann, að það hefði aldrei sér vitanlega tíðkast að leggja fram við tollafgreiðslu kostnaðarreikninga, sem ekki myndi gjaldstofn til útreiknings aðflutningsgjalda, og því hafi hann ekki gert það, fyrr en þess hafi verið krafist, en þá brugðist strax við þeirri beiðni tollyfirvalda og lagt reikningana fram. Þá bar ákærði einnig um það, að hann léti tollyfirvöld ekki hafa önnur gögn en nauðsynlegt væri vegna þess, að hann hefði iðulega lent í þeirri aðstöðu, að skjöl, sem hann framvísaði vegna tollafgreiðslu bifreiða, hafi óðara verið send frá embætti toll-

stjóra á faxi bæði einstaklingum og fyrirtækjum, og hafi það iðulega komið sér illa fyrir ákærða vegna viðskipta hans. Þessu til stuðnings var lagt fram í réttinum ljósrit af faxi, sem sent var aðila, er keypti bifreið af ákærða. Faxið hafði verið sent viðkomandi frá tollstjóraembættinu sama dag og skjalið var lagt fram vegna tollafgreiðslu bifreiðarinnar.

Ákærði neitar því, að gögn, sem hann framvísaði vegna tollafgreiðslu bifreiðanna, hafi sýnt óraunhæft viðskiptaverð, eins og lýst er í ákæru, og hann þannig komist hjá að greiða gjöld, samtals að fjárhæð 769.973 kr.

Ákærði lýsti því, að fyrirtæki í Kanada keypti fyrir sig bíla á uppboði og sendi hingað til lands upplýsingar um verksmiðjunúmer og síðan greiddi ákærði bílana gegnum banka hér á landi. Á þennan hátt kveðst ákærði spara sér ýmis útgjöld við bílakaupin, t. d. ferðir til útlanda o. s. frv. Sérstakur reikningur væri síðan sendur fyrirtækinu ytra vegna kaupumboðslauna. Ákærði kveðst vita til þess, að aðrir, sem stunda bílainnflutning frá Bandaríkjunum og Kanada, hafi flutt sams konar bifreiðar hingað til lands á lægra verði en ákærði.

Vitnið Björn Hermannsson, fyrrverandi tollstjóri, kom fyrir dóminn 10. október sl.

Björn kvað tollstjóraembættið hafa talið verð bifreiðanna, sem ákært er út af, talsvert lægra en eðlilegt gat talist, og vísaði í þessu sambandi til starfs, sem unnið var við endurskoðun hjá tollstjóraembættinu, en verðið hafi m. a. verið fundið með samanburði við þekkt verð erlendis. Björn kvað ekki hafa komið til álita að ákvarða verð bifreiðanna, sem í ákæru greinir, á grundvelli 10. gr. reglugerðar nr. 374/1995, vegna þess að legið hafi fyrir reikningar frá seljanda bifreiðanna ytra um kaupverð og einnig reikningar, sem ákærði hefur sagt vegna kaupumboðslauna. Björn kvað aldrei hafa verið farið fram á það við tollyfirvöld, að þau úrskurðuðu um það, hvort viðbótarreikningarnir, sem rætt hefur verið um, hafi verið vegna kaupumboðslauna eða ekki. Björn kvaðst ekki hafa skilið bréf verjanda frá 18. desember 1996 svo, að þar væri verið að biðja um tollafgreiðslu á grundvelli upprunalegra gagna, en í þessu bréfi verjanda til tollstjóra er m. a. fjallað um kaupumboðslaun og þess krafist, að bifreiðarnar þrjár frá Kanada, sbr. ákærulið I, verði tollafgreiddar án tafar. Þá segir og í bréfinu, að ákærði sé reiðubúinn að leggja fram tryggingu fyrir lögboðnum gjöldum, sem á kunni að falla, þegar embætti tollstjóra þóknist að taka ákvörðun sína, eins og segir í bréfinu. Segir jafnframt í bréfi verjanda, að gert sé ráð fyrir þess konar afgreiðslu í 26. gr. reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun.

Vitnið Reynir Haraldsson deildarstjóri kom fyrir dóminn 10. október sl.

Reynir lýsti því, að töluvert hefði þurft að hafa fyrir því að fá hjá ákærða

upplýsingar, sem leitað var eftir af hálfu tollyfirvalda vegna innflutnings þeirra fjögurra bifreiða, sem ákært er út af. Lýsti Reynir því, er ákærði sýndi starfsmönnum tollsins reikninga vegna innflutnings bílanna frá Kanada og að ákærði hefði talið, að þeir reikningar ættu ekki að mynda stofn til útreiknings aðflutningsgjalda. Viðbótarreikninga vegna bílsins, sem fluttur var inn frá Bandaríkjunum og lýst er í II kafla ákæru, hafi ákærði sent strax, eftir að fyrir lá áætlun tollsins um verð þeirrar bifreiðar. Reynir kvað tollyfirvöld ekki hafa talið viðbótarreikningana sýna kaupumboðslaun, þar sem reikningarnir hefðu verið frá sama aðila og seldi bifreiðarnar ytra, en kaupumboðslaunin séu yfirleitt frá þriðja aðila. Reynir kvað tollyfirvöld hafa haft samband við sölumann bílanna í Kanada, sbr. ákærulið I, og hafi sá greint frá því, að aðflutningsgjöld, sem ákærði framvísaði til að fá bílana tollafgreidda, endurspegluðu ekki það verð, sem almennt væri selt á erlendis. Gefnir hafi verið út tveir reikningar vegna hvers bíls. Reynir kvaðst ekki hafa sjálfur haft samband við sölumann bílanna í Kanada, en sér hefði verið greint frá samtalinu, eins og hann lýsti fyrir dóminum. Ekki hefði verið haft samband við seljanda bílsins, sem lýst er í II. kafla ákæru.

Vitnið Matthías Berg Stefánsson deildarstjóri kom fyrir dóminn 10. október sl.

Matthías lýsti því, er ákærði kom að máli við sig eftir 18. desember sl. og sýndi þrjá viðbótarreikninga vegna bílanna, sem fluttir voru til landsins frá Kanada, sbr. ákærulið I. Þetta hafi verið reikningar út af ýmsum kostnaði. Strax hafi komið fram hjá ákærða sú skoðun, að viðbótarreikningarnir væru vegna kaupumboðslauna og því ekki tollskyldir. Matthías kvað ákærða hafa verið greint strax frá þeirri skoðun tollyfirvalda, að ekki væri fallist á skoðun ákærða um, að reikningarnir væru vegna kaupumboðslauna. Þetta hafi verið ástæða þess, að ákærði taldi sig ekki þurfa að afhenda reikningana við tollafgreiðslu bílanna frá Kanada. Matthías kvaðst engin samskipti hafa átt við ákærða vegna bílsins, sem í II. kafla ákæru greinir.

Niðurstöður.

I. og II.

Í báðum köflum ákæru er ákærða gefið að sök að hafa fyrir hönd Bílastúdíós beiðst tollafgreiðslu nýrra bifreiða á grundvelli rangra aðflutningsskýrslna og rangra vörureikninga og að leggja ekki fram tilskilin gögn samkvæmt tollalögum, allt í þeim tilgangi að komast hjá greiðslu verulegs hluta lögskyldra aðflutningsgjalda, eins og í ákæru greinir. Þá segir í ákæru, að vörureikningarnir hafi sýnt óraunhæft viðskiptaverð bifreiðanna, sem hafi leitt til samtals 769.973 króna lægri aðflutningsgjalda en vera átti.

Rakið er að framan, að ákærði framvísaði vörureikningum, sem hann taldi sig þurfa, og sýni þeir, hvert kaupverð bifreiðanna var. Viðbótarreikninga, sem síðar var framvísað, telur ákærði kaupumboðslaun, og hafi hann því ekki þurft að framvísa þeim reikningum, þar sem þeir myndi ekki stofn til útreiknings aðflutningsgjalda, sbr. 1. tl. a-liðar 1. mgr. 9. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Við mat ríkistollstjóra á tollverði bifreiðanna, sem í ákæru greinir, er stuðst við V. kafla reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun og miðað við útsöluverð Suzuki Vitara Sport, fjögurra strokka, fimm dyra, sjálfskiptan bíl á 30 tommu hjólbörðum og álfelgum. Bifreiðarnar, sem lýst er í I. ákærulið, eru samkvæmt ákæru Suzuki Sidekick, árgerð 1997, en sams konar bifreið í II. kafla ákæru er árgerð 1996. Allar eru bifreiðarnar nýjar. Samkvæmt reikningum yfir verð allra bílanna virðist mega ráða, að bílarnir séu allir af gerðinni Suzuki Sidekick Sport JX. Ekki verður ráðið af gögnum málsins, hvort bílarnir voru að öðru leyti með sams konar útbúnað og sú bifreið, sem notuð var sem grundvöllur við ákvörðun tollverðs, t. d., hvort dekkjastærð er hin sama, sjálfskipting, álfelgur o. s. frv.

Ákærði og verjandi hans halda því fram, að ekki hafi borið að framvísa reikningum vegna kaupumboðslauna við tollafgreiðslu, en það hafi engu að síður verið gert, er eftir var leitað.

Vegna ágreinings um kaupumboðslaunin og hvort kostnaðurinn á viðbótarreikningunum væri raunverulega kostnaður, var ekki fær sú leið að styðjast við 2. gr. reglugerðar nr. 374/1995 um tollverð og tollverðsákvörðun til að ákvarða viðskiptaverð bílanna, enda tollyfirvöld ekki sammála ákærða um, að viðbótarreikningana væri unnt að meta sem kaupumboðslaun. Reikningarnir, sem ákærði framvísaði við tollafgreiðslu, hafi því ekki sýnt það verð, sem raunverulega hafi verið greitt fyrir bílana. Í 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar segir: „Sé ekki hægt að ákvarða tollverð vöru samkvæmt 2. gr., skal tollverðið vera viðskiptaverð sams konar vara sem seldar hafa verið og fluttar til landsins á sama eða svipuðum tíma.“ Í lokamálsgrein 10. gr. reglugerðarinnar segir: „Finnist við beitingu ákvæða þessarar greinar meira en eitt viðskiptaverð á sams konar vörum, skal nota lægsta verðið við ákvörðun á tollverði vörunnar.“

Svo sem rakið var, var tollverð bílanna ákvarðað á grundvelli V. kafla reglugerðarinnar. Í 1. mgr. 20. gr. reglugerðarinnar segir: „Við ákvörðun tollverðs samkvæmt 15. gr., þegar ekki reynist unnt að ákvarða tollverð ökutækis á grundvelli 2. eða 10.-14. gr., skal tollverð vera viðmiðunarverð nýs ökutækis af sömu tegund og undirtegund, eins og það er tilgreint í bifreiðaskrá ríkistollstjóra, reiknað út samkvæmt ákvæðum 21. gr.“

Ráða má af þessu ákvæði, að þá fyrst komi til álita að ákvarða tollverð eftir 21. gr. reglugerðarinnar, ef hvorug leiðanna, sem um getur í 2. gr. eða 10.-14. gr., reynist fær.

Undir rekstri málsins var af hálfu ákæruvalds aflað gagna frá embætti ríkistollstjóra um viðskiptaverð bifreiða sams konar þeim, sem í ákæru greinir. Listi fylgdi bréfi ríkistollstjóra yfir 48 bifreiðar, sem fluttar voru til landsins frá Kanada og Bandaríkjunum, og voru vörureikningar vegna þeirra dags. frá 2. nóvember 1995 til 30. maí 1997. Allar bifreiðarnar, sem listinn nær yfir, hafa sama undirnúmer og bifreiðarnar í ákæru og eru því sams konar, eins og segir í bréfi ríkistollstjóra. Hins vegar er ekki unnt að sjá af listanum, hvaða sérútbúnaði bifreiðarnar eru búnar, sem getur haft veruleg áhrif á verð, eins og ríkistollstjóri tekur fram í bréfi sínu, sem fylgdi með listanum. Fram kemur á listanum, að margar bifreiðanna, sem fluttar voru til landsins, hafa samkvæmt vörureikningi kostað minna en þær bifreiðar, sem ákærði flutti inn og vörureikningar, sem hann framvísaði, bentu til, en aðrar voru dýrari. Listinn hefur að geyma upplýsingar um verð 48 bifreiða sams konar þeim, sem ákærði flutti til landsins, eftir því sem best verður séð. Dómurinn telur, að ekki verði ráðið af gögnum málsins og að ákæruvaldið hafi ekki sýnt fram á það, hvers vegna tollverð bifreiðanna, er ákærði flutti til landsins, hafi ekki verið ákvarðað eftir IV. kafla reglugerðar um tollverð og tollverðsákvörðun, en ákvarða ber tollverð samkvæmt þeim kafla reglugerðarinnar, áður en gripið er til þess að ákvarða tollverð eftir V. kafla, en einungis ein bifreið af þeim 48, sem getið var um í lista frá ríkistollstjóra, hefur verið afgreidd á hærra tollverði en viðmiðunarverði ríkistollstjóra, er hann studdist við, þegar tollverð bifreiða ákærða var ákvarðað.

Ákærði telur, að sér hafi ekki borið að afhenda viðbótarskjölin, svo sem rakið var, en hann afhenti þau hins vegar innan eðlilegra fresta, er eftir var gengið og áður en kærur voru sendar lögreglu. Með vísan til þessa ber að sýkna ákærða af þeirri háttsemi að hafa ekki lagt fram tilskilin gögn samkvæmt tollalögum.

Í málinu er einungis til að dreifa áliti eða skoðun frá tollyfirvöldum um, að verðmæti bifreiðanna, sem ákærði flutti til landsins, hafi verið talsvert lægra en eðlilegt gat talist. Dómurinn telur samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og með vísan til gagna málsins ekkert það fram komið í málinu, sem renni stoðum undir ákæru varðandi það, að vörureikningarnir, sem ákærði framvísaði, hafi sýnt óraunhæft viðskiptaverð bílanna, og engin þau gögn í málinu, er geri dóminum kleift að meta sjálfstætt, hvort svo hafi verið. Af þessum sökum telur dómurinn, að sýkna beri ákærða af þeirri hátt-

semi að hafa framvísað vörureikningum, sem sýnt hafi óraunhæft viðskiptaverð bifreiðanna, og það haft það í för með sér, að álagning aðflutningsgjalda hafi orðið mun lægri en vera átti.

Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins og dæma, að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 175.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun Gunnars Jónssonar hrl.

Björn Ólafur Hallgrímsson hrl., saksóknari ad hoc, flutti málið af hálfu ákæruvaldsins.

Dómsorð:

Ákærði, Þröstur Róbert Kristinsson, er sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu.

Sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ. m. t. 175.000 kr. í réttargæslu- og málsvarnarlaun Gunnars Jónssonar hæstaréttarlögmanns.